

*Artikel 8.*

Ved aftale mellem de to landes undervisningsministre fastsættes regler om gensidig adgang for stiftelsens to afdelinger til lån af håndskrifter til brug for den videnskabelige forskning.

*Artikel 9.*

Eventuelle tvistigheder vedrørende forståelsen af nærværende traktat skal gøres til genstand for drøftelse ad diplomatisk vej. Opnås der ikke herigennem en tilfredsstillende løsning, forelægges spørgsmålet til endelig afgørelse af et nævn, der består af to medlemmer udnævnt af den danske regering, to medlemmer udnævnt af den islandske regering samt af en opmand udnævnt af nævnets 4 medlemmer. Kan enighed om valg af opmand ikke opnås mellem disse, vil parterne anmode præsidenten for Den mellemfolkelige Domstol i Haag om at foretage valget.

*Artikel 10.*

1. Denne traktat, der er udfærdiget på dansk og islandsk, således at begge tekster skal have samme gyldighed, skal ratificeres, og ratifikationsinstrumenterne udveksles i København snarest muligt.

2. Denne traktat skal træde i kraft fra datoen for udvekslingen af ratifikationsinstrumenterne.

Til bekræftelse herpå har de befuldmægtigede undertegnet nærværende traktat og forsynet den med deres respektive segl i København, den

*8. gr.*

Með samningi menntamálaráðherra beggja landa skulu settar reglur um gagnkvæma heimild beggja deilda stofnunarinnar til að fá lánuð handrit til afnota við vísindalegar rannsóknir.

*9. gr.*

Ef rísa kynnu deilur um skilning þessa sáttmála, skal um það fjallað með samningum milli ríkisstjórnanna eða fulltrúa þeirra. Ef eigi fæst viðunandi niðurstaða með því móti, skal málið lagt til fullnaðarúrlausnar fyrir nefnd, sem skipuð sé tveimur mönnum tilnefndum af ríkisstjórn Danmerkur, tveimur mönnum tilnefndum af ríkisstjórn Íslands og einum oddamanni, sem nefndarmennirnir fjórir tilnefna. Nú verða þeir ekki á eitt sáttir um val oddamanns, og skulu þá aðiljar fara þess á leit við forseta alþjóðadómstólsins í Haag að hann velji oddamanninn.

*10. gr.*

1. Þessi sáttmáli, sem gerður er bæði á dönsku og íslenzku, þannig að báðir textar skulu jafngildir, skal staðfestur og skipzt á staðfestingarskjölunum í Kaupmannahöfn, svo flótt sem verða má.

2. Sáttmálinn öðlast gildi frá þeim degi, er skipzt er á staðfestingarskjölunum.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúarnir undirritað sáttmála þennan og sett við hann innsigli sín í Kaupmannahöfn, hinn